

Lengi er von á einum



fríðjudaginn 4. mars 1947 held stjórnin fund
í Gildaskála Kea Akureyri.
Allir nefndarmenn mekkir
Til athugasamar var tekið:

1. Reikningar félagsins fyrir árið 1946. Þar sem ekki
er en búið að ákveða hvað fjáringargjaldid á að reikn-
ast mörg % er ekki búið að ljúka reikningunum.
2. Lagt fram bréf frá „Framræslufélagi Austurbyggðar“
(það er bændur Gmúrafells, Hlísa, Ásustada, Amarsfells,
Amarslada og Hóla í Saurbæjarhreppi.) þar sem þeir
Kreftjark þess að skuldgröfan vinni hjá félagi þeirra þegar
hún er búið að vinna 6 vikur í Djúpradal.
Stjórnin gerði engar samþykktir viðkomandi þessu bréfi.

Hluti fundargerðar Jarðræktarsambands Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa frá 1947 (F-64/1). Gunnar Jónsson hafði ekki
heyrt talað um Austurbyggð yfir bæjarröðina austan Eyjafjarðarár og sunnan Núpár.

Þegar Gunnar Jónsson frá Villingadal kom á Héraðsskjalasafnið á Akureyri um daginn fann hann fjársjóð. Gunnar hefur í gegnum árin verið duglegur að safna saman skjölum úr Saurbæjarhreppi og komið með þau til varðveislu á safnið. Svo var einnig þennan daginn en í leiðinni skoðaði Gunnar fundargerðir [Jarðræktarsambands Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa](#). Í fundargerð frá 4. mars 1947 er talað um Framræslufélag Austurbyggðar. Gunnar hefur kynnt sér heimildir um félög í Saurbæjarhreppi og er orðinn sérfræðingur um félagslífið í hreppnum en hann hafði ekki áður heyrt um Framræslufélagið. Félagið er það 45. sem hann veit um að starfað hafi í hreppnum frá 1875, þegar Framfarafélag Eyjafjarðar var stofnað, til 1. janúar 1991 þegar hrepparnir þrír sunnan Akureyrar voru sameinaðir í sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit. Hvert einstakt félag er merkilegt og það að finna enn eitt hefur mikið gildi.